



25. nóvember 2014

Lækkun hlutafjár

Lækkun hlutafjár

Hluthafafundur var haldinn í N1 hf. þann 21. október 2014. Á fundinum var tillaga um lækkun hlutafjár félagsins um 30%, eða um kr. 300.000.000 að nafnverði samþykkt.

Hin samþykkt tillaga felur annars vegar í sér að hlutafé félagsins verði fært niður um kr. 300.000.000 að nafnverði og hins vegar að yfirverðsreikningur hlutafjár færist niður um kr. 3.559.628.000 samtals að fjárhæð 3.859.628.000. Hlutafé félagsins verður kr. 700.000.000 eftir lækkun.

Lögboðnar forsendur fyrir útgreiðslunni hafa nú verið uppfylltar og verður framkvæmd hennar eftirfarandi:

- Viðmiðunardagur 28. nóvember 2014.*
- Lækkunardagur 1. desember 2014.
- Greiðsludagur 5. desember 2014.

**Athygli er vakin á því að síðasti viðskiptadagur með réttindum til útgreiðslu vegna lækkunar hlutafjár er miðvikudagurinn 26. nóvember 2014.*

Nánari upplýsingar veita Eggert Benedikt Guðmundsson, forstjóri, (e@n1.is) og Eggert Þór Kristófersson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs, (eggert@n1.is).